Umsögn Röskvu um mál nr. S-224/2024, drög að frumvarpi til laga um breytingar á gjaldtökuheimildum opinberra háskóla, frá Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu.

Röskva, stúdentahreyfing innan Háskóla Íslands, leggst alfarið gegn þessu frumvarpi og telur það mismuna stúdentum á grundvelli efnahags og uppruna. Þessi áform bitna sérstaklega illa á tilteknum einingum innan háskólasamfélagsins, takmarka inngildingu fólks af erlendum uppruna og grafa undan samkeppnishæfni opinberra íslenskra háskóla á alþjóðavísu.

Í frumvarpsdrögunum er minnst á styrktarsjóð fyrir nemendur utan EES til þess að laða að efnilega nemendur þaðan. Röskva telur stofnun slíks sjóðs nauðsynlega verði ákveðið að veita heimild til gjaldtöku í opinberum háskólum. Sjóðurinn bætir þó ekki upp fyrir þá takmörkun aðgengis að námi sem þessar breytingar hafa í för með sér, sem mun sennilega leiða til þess að nemendur utan EES verði færri en þeir eru nú. Í drögunum kemur fram að Danmörk hafi tekið upp skólagjöld í opinberum háskólum samhliða því að styrktarsjóði hafi verið komið á fót fyrir framúrskarandi nemendur og að fjöldi nemenda utan EES hafi náð sér aftur. Eins og Rannís bendir á voru nemendur utan EES um 40% erlendra nemenda í Danmörku fyrir þær breytingar en eru nú aðeins 20%. Það er ekki hægt að horfa einungis til þess að fjöldi nemenda hafi náð sér aftur því hlutfall þeirra lækkaði um helming. Því er það ekki rétt mat á áhrifum í drögunum að nemendum fækki aðeins til skamms tíma. Öllu frekar gerum við ráð fyrir að þeim muni fækka endanlega.

Við höfum einnig verulegar áhyggjur af aðgengi innflytjenda að íslenskukennslu og leggjum áherslu á að útfærslan verði að taka mið af inngildingu innflytjenda í íslenskt samfélag. Hundruð nemenda sækja íslensku sem annað mál í Háskóla Íslands. Markmið yfirvalda ætti að vera að efla íslenskukennslu og auka aðgengi fólks af erlendum uppruna að okkar fallega tungumáli, bæði fólkinu sjálfu og íslenskri þjóð í hag.

Nú sækja nemendur utan EES ýmsar námsleiðir sem snerta íslenska menningu beint. Þar má nefna íslenskufræði, íslenska fornleifafræði, miðaldafræði, sagnfræði, íslenska táknmálsfræði o.fl. Við ættum að meta það mikils að hingað sæki fólk til þess að afla sér menntunar sem styður við íslenska menningu. Þessi áform grafa undan samkeppnishæfni þessara deilda á alþjóðavísu og fækkun nemenda utan EES dregur úr margbreytileika innan þeirra. Í þeim tilvikum er námsleiðir hafa ekki beina tengingu við íslenska menningu geta ný viðhorf nemenda utan EES samt sem áður verið öllum deildum til mikilla hagsbóta. Auk þess gætu sumar deildir sem hafa hátt hlutfall nemenda utan EES komið töluvert verr út úr þessum áformum og mögulega aldrei náð að jafna sig eftir það. Greinar þessar eru sumar hverjar kjölfestugreinar opinberra háskóla sem hafa ekki síst það verkefni fyrir höndum að framkvæma skyldu íslenskra stjórnvalda til þess

að viðhalda og styrkja íslenska arfleifð, menningu og tungu. Missir þeirra yrði verulega óheillavænlegur.

Við verðum að horfa til þess hvernig þátttaka í alþjóðasamfélaginu og margbreytileiki innan íslenska háskólasamfélagsins færir okkur mikil verðmæti. Aðeins 6% jarðarbúa búa innan EES og löndin innan EES eru oft mjög nálægt okkur í menningu. Því ættum við að fagna því að nemendur utan EES séu stór hluti þeirra sem sækja hér háskólanám. Þau víkka sýn okkar í rannsóknarvinnu og brjóta upp hugarfar okkar Íslendinga sem gæti annars takmarkað okkur í háskólastarfi. Það að önnur lönd loki dyrum sínum fyrir margbreytileikanum þýðir ekki að við þurfum að apa eftir þeim heldur þvert á móti gerir sú staðreynd okkur samkeppnishæfari á alþjóðavettvangi. Það eru ótal tækifæri sem felast í því að bjóða öllum stúdentum, óháð efnahag og uppruna, hingað velkomin til að byggja upp öflugt háskólasamfélag með okkur.

Virðingarfyllst,
f.h. Röskvu - samtaka félagshyggjufólks við Háskóla Íslands

Mathias Bragi Ölvisson,
forseti Röskvu

Katla Ólafsdóttir,
oddviti Röskvu